

Ársuppgjör 2022

Orri Hauksson og Óskar Hauksson

14. febrúar 2023



Lykiltölur úr rekstri

	4F 2022	12M 2022		
Tekjur	6.233 m.kr. 4F 2021: 6.464 m.kr.	24.572 m.kr. 12M 2021: 24.543 m.kr.		
EBITDA* ²	1.433 m.kr. 4F 2021: 1.283 m.kr.	5.949 m.kr. 12M 2021: 5.502 m.kr.		
EBITDA %* ²	23,0% 4F 2021: 19,8%	24,2% 12M 2021: 22,4%		
EBIT* ²	503 m.kr. 4F 2021: 373 m.kr.	2.745 m.kr. 12M 2021: 2.260 m.kr.		
Fjárfestingar	1.269 m.kr. 4F 2021: 912 m.kr.	4.352 m.kr. 12M 2021: -5.186 m.kr. * ¹		
Nettó skuldir * ³ / 12M EBITDA * ²	0,58 4F 2021: 0,65		Handbært fé	
			3.721 m.kr. 4F 2021: 3.509 m.kr.	
			Eiginfjárhlutfall	
			68,9% 4F 2021: 44,6%	
			Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	
			2.015 m.kr. 4F 2021: -1.074 m.kr.	

*¹ Fjárfestingar neikvæðar árið 2021 vegna sölu á fjarskiptakerfum til Mílu

*² Án 200 m.kr. niðurfellingar stjórnvaldssektar á 4F 2022.

*³ Nettó skuldir innihalda vaxtaberandi skuldir að meðtöldum leiguskuldbindingum að frádregnu handbæru fé og útlánnum Símans Pay. Inniheldur ekki verðmæti skuldabréfs vegna sölu á Mílu






Rekstur



Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur	4F			12M		
	2022	2021	%	2022	2021	%
Rekstrartekjur	6.233	6.464	-3,6%	24.572	24.543	0,1%
Kostnaðarverð sölu	(3.874)	(4.292)	-9,7%	(14.914)	(15.533)	-4,0%
Rekstrarkostnaður	(1.656)	(1.799)	-7,9%	(6.713)	(6.750)	-0,5%
EBIT	703	373	88,5%	2.945	2.260	30,3%
Hrein fjármagnsgjöld	(389)	(13)	2892,3%	(546)	(114)	378,9%
Tekjuskattur	67	(50)	-234,0%	(337)	(411)	-18,0%
Hagnaður tímabils af áframhaldandi starfsemi	381	310	22,9%	2.062	1.735	18,8%
Aflögð starfsemi	289	344	-16,0%	36.205	3.478	941,0%
Hagnaður tímabils	670	654	2,4%	38.267	5.213	634,1%
EBITDA	1.633	1.283	27,3%	6.149	5.502	11,8%
Hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi	0,08	0,05	60,0%	0,31	0,23	34,8%



Fjórðungurinn





- Sterkur tekjuvöxtur í framlegðarhæstu vörum Símans á 4F
 - Samtals rúmlega 300 m.kr. tekjuaukning í sjónvarpsþjónustu, farsíma og gagnaflutningi
 - 5-8% vöxtur í hverjum starfspætti
 - Vörusala lækkar um fjórðung
 - Einskiptistekjur vegna Spotify og sölu fjarskiptabúnaðar til Mílu á 4F 2021 námu 223 m.kr. – mjög framlegðarlitlar tekjur
- Kostnaðarlækkun er aðallega tengd kostnaðarverði vörusölu
- Framlegð eykst um tæp 9%
- Rekstrarhagnaður eykst um tæp 35%
- EBITDA eykst um tæp 12%
- Hagnaður hækkar lítillega

* EBITDA og EBIT í myndum eru án 200 m.kr. niðurfellingar stjórnvaldssektar á 4F 2022.



Tekjur eftir starfsþáttum

Starfsþættir	4F				12M			
	2022	2021	Breyting	%	2022	2021	Breyting	%
Farsími	1.529	1.458	71	4,9%	6.029	5.604	425	7,6%
Talsími	279	372	-93	-25,0%	1.342	1.572	-230	-14,6%
Gagnaflutningur	1.940	1.825	115	6,3%	7.591	7.342	249	3,4%
Sjónvarpsþjónusta	1.774	1.644	130	7,9%	6.722	6.383	339	5,3%
Vörusala	479	636	-157	-24,7%	1.838	2.148	-310	-14,4%
Annað	232	529	-297	-56,1%	1.050	1.494	-444	-29,7%
Samtals	6.233	6.464	-231	-3,6%	24.572	24.543	29	0,1%





Rekstur ársins 2022

Mikill afkomuvöxtur á viðburðarári

- Hagnaður ársins er 56% hærri en tekjur ársins
 - Skýrist af arðbærri sölu dótturfélags, en einnig af arðbærum rekstri
- EBITDA eykst um tæplega 25% á milli ára
- Rekstrartekjur standa í stað á milli ára en sé horft fram hjá einskíptisliðum er tekjuaukning um 400 m.kr. og yfir 700 m.kr. (3,7%) sé leiðrétt fyrir vörusölu.
 - Tekjur af farsíma hækka um tæp 8%. Mikil aukning reikitekna, um þriðjungur tekjuaukningar kemur af innlendum farsímatekjum
 - Vöxtur í sjónvarpsþjónustu er aðallega vegna tekjuaukningar í Premium þjónustu Símans (10%) og Símanum Sport (23%)
 - Tekjur af gagnaflutningi aukast um rúm 3%
- Rekstrarhagnaður eykst um tæplega 500 m.kr. á milli ára eða um rúmlega 20%
- Hærri vextir hafa áhrif á vaxtatekjur og vaxtagjöld
 - Söluandvirði Mílu ávaxtað í tæpa tvo mánuði
 - Veiking krónu gagnvart evru hafði áhrif á 4F
- Heildarkostnaður lækkar á milli ára
 - Kostnaðarverð vörusölu lækkar um tæpar 470 m.kr.
 - Húsnæðiskostnaður lækkar vegna sölu Sensa árið 2021
- Launakostnaður hækkar um tæp 9% á milli ára þrátt fyrir lítilsháttar fækkun stöðugilda
 - Þróun launa innan Símans er sambærileg og mælingar á launavísitölu sýna
- Starfsmannakostnaður og ferðakostnaður eykst um 25% á milli ára
 - COVID lækkaði þessa kostnaðarliði 2020 og 2021
- Samtengigjöld hækka í takti við auknar tekjur af ferðamönnum
- Ásættanlegur árangur náðist í að halda niðri kostnaðarliðum á borð við upplýsingatækni og markaðsmál, þrátt fyrir mikla verðbólgu á síðasta ári.



Efnahagur og sjóðstreymi




Efnahagsreikningur


Eignir	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir		
Rekstrarfjármunir.....	2.466	2.219
Leigueignir.....	941	753
Óefnislegar eignir.....	22.122	19.403
Aðrar eignir.....	580	675
Fastafjármunir	26.109	23.050
Veltufjármunir		
Birgðir.....	1.212	923
Viðskiptakröfur.....	2.045	2.234
Útlán.....	1.359	823
Aðrar skammtímakröfur.....	1.048	2.259
Verðbréf færð á gangvirði.....	15.687	0
Eignir flokkaðar til sölu.....	0	36.929
Handbært fé.....	3.721	3.509
Veltufjármunir	25.072	46.677
Eignir alls	51.181	69.727

Skuldir og eigiði fé	31.12.2022	31.12.2021
Eigið fé		
Eigið fé.....	35.261	31.079
Langtímaskuldir		
Skuldabréfalán.....	5.956	5.943
Leiguskuldbinding.....	731	653
Viðskiptaskuldir.....	639	0
Tekjuskattsskuldbinding.....	89	604
Langtímaskuldir	7.415	7.200
Skammtímaskuldir		
Skuldir við lánastofnanir.....	1.929	1.518
Viðskiptaskuldir.....	4.788	2.141
Næsta árs afborgun.....	251	180
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.537	1.783
Skuldir vegna eigna sem flokkaðar eru til sölu.....	0	25.826
Skammtímaskuldir	8.505	31.448
Skuldir og eigið fé alls	51.181	69.727


Hreinar vaxtab. sk. með leiguskuldb. og Pay útlánnum




Eiginfjárlutfall



Hreinar vaxtaberandi skuldir/EBITDA*



Arðsemi eigin fjár





Sjóðstreymi

Sjóðstreymi	2022	2021
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður ársins.....	2.945	2.260
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir.....	3.204	3.242
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna.....	(57)	(1)
	<u>6.092</u>	<u>5.501</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum.....	2.042	(1.099)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	8.134	4.402
Nettó greiddir vextir.....	(12)	(77)
Greiddir skattar.....	(882)	(565)
Handbært fé frá rekstri	7.240	3.760
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(4.352)	5.186
Aðrar fjárfestingarhreyfingar.....	(424)	(894)
Sala eignahluta og aflögð starfsemi.....	31.637	14.739
Fjárfestingarhreyfingar	<u>26.861</u>	<u>19.031</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður	(500)	(500)
Viðskipti með eigin bréf.....	(3.043)	(2.965)
Útgreitt hlutafé.....	(30.542)	(7.968)
Afborganir leiguskuldbindingar.....	(216)	(174)
Nettó breyting á lánum.....	412	(8.411)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(33.889)</u>	<u>(20.018)</u>
Breytingar á handbæru fé.....	212	2.773
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé.....	0	1
Handbært fé í upphafi árs.....	3.509	735
Handbært fé í lok tímabilsins.....	<u>3.721</u>	<u>3.509</u>

Efnahagur og sjóðstreymi


- Óefnislegar eignir hækka vegna sýningarrétta sem voru eignfærðir á árinu
- Skuldabréf fært á meðal veltufjármuna – andvirði bréfsins við sölu þess í lok janúar 2023 var greitt til Símans 8. febrúar
- Aðrar skammtímakröfur lækka þar sem fyrirframgreiddur kostnaður vegna sölu Mílu er að fullu gjaldfærður á 3F
- Talsverðar breytingar á eiginfjárreikningum á 4F þar sem hlutafé var lækkað um 2,9 milljarða að nafnverði með 31,5 milljarða greiðslu til hluthafa í nóvember
- Viðskiptaskuldir hækka tímabundið vegna greiðsludagsetninga á sýningarréttum
- Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum tengjast sölu Mílu
- Auknar fjárfestingar tengjast sýningarréttum, stafrænni þróun Símans og uppfærslu á þjónustuinnviðum



Fjárfestingar



Fjárfestingar



Ákveðið var í lok árs 2021 að nýta árið 2022 í umbreytingar og sérstakar auknar fjárfestingar Símans


- Fjárfestingar í sýningarréttum og uppfærslum stafræna þjónustuinviða jukust um 1.843 m.kr. á milli ára
- Sýningarréttir að ensku úrvalsdeildinni er framhlaðin fjárfesting yfir þriggja ára tímabil, mest árið 2022
- Fjárfestingar Símans í rekstrarfjármunum vegna fjártækni (Síminn Pay) og óefnislegra eigna námu 122 m.kr. og jukust um 51 m.kr. á milli ára

Síminn móðurfélag


Fjárfestingar



Þróun 2018 - 2022



Fjárfestingar án sýningarrétta




■ Fjarskiptanet ■ Endabúnaður ■ Sjónvarp ■ Stafræn þróun ■ Annað



Síminn móðurfélag

Helstu drifkraftar fjárfestinga






Um starfsemina

Stóraukið framboð á sjónvarpsefni í Sjónvarpi Símans Premium

- Samningur við HBO
 - Í lok ársins samdi sjónvarpsrisinn HBO við Símann um að bjóða upp á efni sitt á Íslandi
 - Samningurinn tryggir þar með Sjónvarpi Símans aðgang að því nýjasta úr smiðju HBO og HBO Max ásamt fjölda eldri titla
 - Vinsælda þessa efnis er þegar farið að gæta hjá viðskiptavinum Símans, sem sjá má á gríðarlegri aukningu spilana á efni
 - Fór í janúar 2023 í fyrsta sinn yfir 5 milljónir í einum mánuði, stærsti mánuður frá upphafi
 - Viðskiptavinum heldur áfram að fjölga
- Síminn er leiðandi á Íslandi í íslensku efni
 - Fjórar leiknar íslenskar þáttaraðir framundan 2023
 - Venjulegt fólk slær enn eitt Íslandsmetið
 - Aldrei áður sex þáttaraðir af íslensku leiknu efni
 - Arfurinn minn, með Ladda í aðalhlutverki, verður frumsýndur um páskana
 - Framhald af Jarðarförinni minni og Brúðkaupinu mínu






Betra farsímasamband um land allt

Uppbygging 5G kerfis Símans heldur áfram

- Um áramótin 2022/2023 var búið að gangsetja yfir 80 senda með 5G (víða um land)
- Gert ráð fyrir 60 nýjum sendistöðum til viðbótar 2023
- Það sem af er þessu ári hefur farsímasamband á Snæfellsnesi verið endurbætt
 - Uppsetning á 5G sendum í Ólafsvík og Stykkilshólmi
 - Bætt útbreiðslu og aukinn hraði á öðrum stöðum
- Auk höfuðborgarsvæðisins verður fram að sumri 5G byggt upp á:
 - Dalvík
 - Ólafsfirði
 - Siglufirði
 - Patreksfirði
 - Bíldudal
 - Tálknafirði






Síminn Pay




- Síminn setti á markað nýja vöru, Léttkort, í nóvember 2022
 - Sveigjanlegar greiðslur þar sem viðskiptavinir greiða niður neyslu sína á eigin óskahraða
 - 100% stafræn lausn, sýndarkort í farsíma í samvinnu við Mastercard
 - 130 þúsund farsímaviðskiptavinir Símans geta notið sérstakra kjara þar sem ekkert gjaldeyrisálag er á erlendar greiðslur fyrir þá
 - Opnað á Apple Pay í nóvember 2022 og í Google Pay í janúar 2023
 - Vanskil hverfandi að svo komnu máli og ströng skilyrði við val á viðskiptavinum
- Léttkortið eykur lánaþjónustu Símans Pay
 - 300 m.kr. útlánaaukning á síðasta fjórðungi ársins
 - 75% útlánaaukningar tengt nýja kortinu
 - Heildarútlán Símans Pay yfir 2 ma.kr. í febrúar 2023
- Fjártækniþjónusta í stöðugri þróun
 - Um áramót voru tæplega 69 þúsund skráðir notendur að Síminn Pay appinu og fjölgaði um 20%
 - Fjöldi skráðra ökutækja var tæplega 6 þúsund
 - Nýtt beiðnakerfi á fyrirtækjamarkaði





Sala á skuldabréfi frágengin

- Við sölu á dótturfélaginu Mílu á þriðja ársfjórðungi 2022 fékk Síminn hluta af söluandvirði greitt í formi skuldabréfs
 - Skuldabréfið var framseljanlegt, til þriggja ára og bar 4% vexti
- Í lok janúar 2023 seldi Síminn skuldabréfið til félags á vegum Ardian, kaupanda Mílu
- Mikil veiking íslensku krónunnar gagnvart evru varð til þess að Ardian óskaði eftir að kaupa bréfið
- Andvirðið var greitt til Símans í evrum en gjaldeyrisáhættu var strax eytt með samningi við innlenda bankastofnun
- Söluverðið nam 15,7 ma.kr. sem er rúmlega 2% undir bókfærðu verði bréfsins í lok þriðja ársfjórðungs og nemur gjaldfærsla á fjórða ársfjórðungi um 380 m.kr.
- Salan er hagfelld fyrir Símann
- Í kjölfar sölu skuldabréfsins er söluandvirði Mílu að fullu innheimt í reiðufé





Sala Mílu

Samantekt

- Söluverð Mílu er að fullu innheimt
- Síminn fékk greidda 32,7 ma.kr. í reiðufé þann 30. september 2022 og sala skuldabréfsins skilaði 15,7 ma.kr.
- Andvirði skuldabréfsins var greitt þann 8. febrúar og er nú ávaxtað í íslenskum krónum
- Alls fengust 48,4 ma.kr. í handbæru fé vegna sölu Mílu
- Söluhagnaður var 37,8 ma.kr.
- Ef tillaga stjórnar á aðalfundi 2023 verður samþykkt munu hluthafar, sem eru að stærstum hluta íslenskir lífeyrissjóðir, samtals hafa fengið greidda 47,2 ma.kr. vegna sölnnar
- Í kjölfar hlutafjárlækkunar mun eiginfjárlutfall Símans vera um 55% og nettó skuldir / EBITDA verða um 0,6x
- Geta Símans til sóknar í formi fjárfestinga er umtalsverð
 - Handbært fé 3,2 ma.kr.
 - Aðgangur að lánalínum að fjárhæð 5 ma.kr.

Samstæða	31.12.2022	Lækkun hlutafjár og arður	31.12.2022 PF
Fastafjármunir.....	26.109	0	26.109
Veltufjármunir.....	25.072	-16.200	8.872
Eignir.....	51.181	-16.200	34.981
- þ.a. handbært fé	3.721	-513	3.208
- þ.a. skuldabréf	15.687	-15.687	0
Eigið fé.....	35.261	-16.200	19.061
- þ.a. hlutafé	4.242	-1.500	2.742
- þ.a. óráðstafað eigið fé	28.887	-16.200	12.687
Langtímaskuldir.....	7.415	0	7.415
Skammtímaskuldir.....	8.505	0	8.505
Skuldir og eigið fé.....	51.181	-16.200	34.981
- þ.a. vaxtaberandi skuldir	7.885	0	7.885
- þ.a. leiguskuldbinding	982	0	982
Eiginfjárlutfall	68,9%		54,5%



Tillögur fyrir aðalfund



Aðalfundur 2023

Arðgreiðsla og hlutafjárlækkun

Arðgreiðslustefna:

„Síminn hf. stefnir að því að greiða hluthöfum árlega arð og/eða framkvæma endurkaup sem nema að lágmarki 50% af hagnaði eftir skatta í samræmi við lög og reglur hverju sinni. Við gerð tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn meðal annars taka tillit til viðmiða við fjárhagsskipan félagsins, aðstæðna á markaði, fjárfestingarþarfar á næstu árum og skuldbindinga félagsins.“

Óskað verður eftir heimild aðalfundar þann 9. mars 2023 til að:

1. Greiða út 500 milljónir króna í arð – Sama fjárhæð og árið 2022
2. Lækka hlutafé félagsins um 185 milljónir að nafnverði með jöfnun á eigin hlutum félagsins. Er 4,2% af útgefnum hlutum í félaginu.
3. Lækka hlutafé félagsins með 15,7 milljarða greiðslu til hluthafa
4. Kaupa allt að 10% af útgefnu hlutafé á næstu 18 mánuðum
 - Ákvörðun um heildarfjárhæð endurkaupa ársins liggur ekki fyrir en stjórn verður heimilt að vinna innan þess ramma sem heimild aðalfundar veitir og byggir á arðgreiðslustefnu.



Hluthafar




Hluthafar



Hluthafar 6.2.2023

	Fjöldi hluta	Eignahlutur
Stoðir hf.	700.516.549	15,92%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	418.253.959	9,51%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	415.704.661	9,45%
Gildi - lífeyrissjóður	299.039.301	6,80%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	258.649.533	5,88%
Íslandsbanki hf,safnskráning 2	251.165.818	5,71%
Stapi lífeyrissjóður	172.009.182	3,91%
Birta lífeyrissjóður	170.211.628	3,87%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	151.634.441	3,45%
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	129.701.986	2,95%
10 stærstu hluthafar	2.966.887.058	67,43%
Aðrir hluthafar	1.249.838.003	28,41%
Samtals útstandandi hlutir	4.216.725.061	95,83%
Eigin bréf	183.274.939	4,17%
Heildarhlutafé	4.400.000.000	100%



Hluthafar

- Arður, endurkaup og lækkun hlutafjár
 - Endurkaup á árinu 2022 námu 3.043 m.kr.
 - Endurkaup það sem af er ári nema 346 m.kr. mv. 10. febrúar sl.
 - Arðgreiðsla ársins var 500 m.kr.
 - Hlutafé félagsins var lækkað um 2.900 m.kr. með 31,5 ma.kr. greiðslu til hluthafa í nóvember 2022
- Hluthafar voru 1.202 í árslok 2022
- Hlutabréf Símans hafa hækkað um 2,8% það sem af er ári en lækkað um 11,3% undanfarna 12 mánuði
- Heildarávöxtun hlutabréfa í Símanum frá skráningu félagsins á markað nemur um 375% sem jafngildir 24% árlegri meðalávöxtun



Horfur 2023




Rekstrarhorfur 2023

Afkomuspá fyrir árið 2023

- Aukin áhersla á tekjusköpun á þessu ári
 - Áframhaldandi EBITDA vöxtur
 - EBITDA vöxtur milli ára frá 2022 áætlaður 2-7%
- Gert ráð fyrir auknum tekjuvexti miðað við þróun undanfarinna ára.
 - Sölu- og markaðsmál löguð að nýjum áherslum
 - Breytt vöruframboð í burðarliðnum sem mun enn betur mæta þörfum viðskiptavina Símans
 - Gert er ráð fyrir áframhaldandi vexti Léttkortsins og annarra þjónustubátta lífsstílsappsins Símans Pay
- Kostnaður Símans mun hækka frá síðasta ári – þó með fyrirsjáanlegum hætti
 - Áframhaldandi gengisveiking frá því sem nú er myndi óhjákvæmilega þyngja róðurinn í rekstri
- Fjárfestingar lækka um 10 - 17% á milli ára
 - Nýgerður samningur við HBO kemur inn í fjárfestingar þessa árs
 - Fjárfestingar í sýningarréttum lækka þó í heild
 - Aukið verður við fjárfestingar vegna stafrænnar vegferðar og getu félagsins til sveigjanleika og skjótari viðbragða á markaði
 - Fjárfestingar lækka hægar árið 2023 frá metárinu 2022 en búist hafði verið við, meðal annars vegna gengisbreytinga, seinkana fyrirhugaðra verkefna og samningsins við HBO
 - Fjárfestingar munu nálgast stöðugt fjárfestingastig frá árinu 2024



Horfur fyrir árið 2023





Viðaukar



Lýsing starfsþátta

- **Farsími:** Farsímaþjónustu innanlands og erlendis, hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
- **Talsími:** Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
- **Gagnaflutningur:** Gagnaflutningsþjónustu, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét.
- **Sjónvarp:** Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.
- **Vörusala búnaðar:** Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
- **Annað:** Tekjur tengdar fjarskiptum, upplýsingatækni og fjármálum.



Fyrirvari

Síminn vekur athygli á því að upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar kynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, framboð á fjármagni og áhrif eftirlitsaðila.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

